

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með breytingum skv. reglugerðum nr. 489/1992 og 30/1993.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Rétt til endurgreiðslu samkvæmt a- og b-lið á einnig sá sem byggir eða framkvæmir endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði, þó það sé að hluta notað undir virðisaukaskattskylda starfsemi, enda geti sá hinn sami ekki talið þann virðisaukaskatt til innskatts.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

1. málslíður 1. mgr. orðast svo: Endurgreiðslubeiðni þeirra sem byggja á eigin kostnað til leigu eða sölu skal byggjast á fullnægjandi sölureikningum verktaka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 50/1993, eða fullnægjandi byggingarbókhaldi, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989.
2. mgr. orðast svo: Frumrit fullnægjandi sölureiknings skal fylgja endurgreiðslubeiðni annarra en um ræðir í 1. mgr. vegna vinnu verktaka við nýbyggingu, endurbætur og viðhald.
3. Á eftir orðinu „launamiða“ í 3. mgr. kemur: (RSK 2.01).

3. gr.

Í stað reglugerðarnúmersins „501/1989“ í 11. gr. kemur: 50/1993

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. :

1. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo: Skattstjóri skal skrá sérstaklega þær upplýsingar um greidda vinnureikninga, sem einstaklingar veita á endurgreiðslubeiðnum. Framangreind skráning skattstjóra kemur í stað skila á launamiðum skv. 3. mgr. 8. gr.
2. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 3. mgr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.